**Skipulags- og byggingafulltrúi**
**Norðurhellu 2**
**Hafnarfirði**

Mál nr: 1303165

Reykjavík 8. mars 2013

**Fyrirspurn varðandi Norðurhellu 10.**

Fjárvari ehf eignahaldsfélag í eigu Íslandabanka og eigandi hússins að Norðurhellu 10 er að vinna að fullnaðarfrágangi hússins í samráði við rekstraraðila sem er Mjöll – Frigg, og í samráði við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins ásamt Heilbrigðiseftirliti.
Það eru nokkur atriði við þennan frágang sem stangast á við skilmála lóðarinnar sem kynnt er hér á eftir og óskað er eftir umsögn þannig að hægt sé að vinna markvisst að þeim frágangi sem til þarf.

**Girðing.**
Vegna efna sem tilheyra starfsemi rekstraraðila þarf að kröfu SHS að geyma hluta þeirra í aðskildum gámum utandyra innan læstrar girðingar. Þar sem bak- og hliðarlóð við húsið eru mjög þröngar er eini kosturinn að staðsetja girðinguna framan við húsið og þar af leiðandi fækka bílastæðum um 10 stk. og loka fyrir sameiginlega aksturleið milli lóða, tveimur innkeyrslum að húsinu ásamt hring akstri yrði samt sem áður haldið óbreyttu. Innan þessarar girðingar yrði einnig raðað snyrtilega upp öðrum tilfallandi ílátum sem nú eru staðsett víðs vegar utan við húsið. (sjá meðfylgjandi skýringarmynd af staðsetningu girðingar)

Girðingin yrði sett upp ofan á núverandi malbik með forsteyptum einingum undir netgirðingu, hæð girðingar yrði ca. 2,5 – 3m í heild og með læstum hliðum sem slökkvilið hefur aðgang að, ekki yrði um neitt staðsteypt mannvirki að ræða og auðvelt að fjarlægja ef viðkomandi starfsemi hættir.

**Milliloft.**
Í húsið var á sínum tíma sett milligólf eftir endilangri vesturhlið hússins án samþykkis yfirvalda, nú vill núverandi eigandi skrá inn þetta gólf sem er tæpir 300m2 að stærð en við það fer nýtingarhlutfall hússins úr 0,41 upp í 0,502 og ekki fyrir hendi nægjanlegur bílastæðafjöldi til að mæta þeirri stækkun. Þær breytingar hafa hins vegar átt sér stað í húsinu frá upphaflegri hönnun að nú er einungis eitt fyrirtæki í öllu húsinu í stað þess að gert var ráð fyrir fjórum í upphafi. Í húsinu er starfrækt framleiðsla og lagerhald þannig að fjöldi starfsmanna er um það bil 15 og starfsemin með þeim hætti að ekki eru að koma fjöldi viðskiptavina í húsið heldur eru vörur sendar út með flutningabílum.

Þess má geta að vegna eðlis þessarar starfsemi sem í húsinu er og þeirra efna sem þeir nota, kröfu um meðferð og geymslu þeirra er þessi læsta girðing forsenda fyrir að starfsemin sé samþykkt af hálfu SHS og Heilbrigðisyfirvalda.

Verið er að vinna að frágangi á brunavörnum, neyðarlýsingum og fl. sem tilheyrir lokaúttekt hússins. Meðfylgjandi er tímasett áætlun framkvæmda og miðast hún við að leyfi fáist fyrir ofantöldum atriðum.

F.H. Fjárvara ehf.

Þröstur Bjarnason
throstur@mengi.is
s. 694 7038

## Staðsetning girðingar á lóð



**Milliloft í húsi**



## Norðurhella 10 - Aðgerðaáætlun

Útgáfa 01 Dags.5.3.2013

| # | Aðgerð | Flokkur | Ábyrgð | Staða | Lokadags |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Neyðarlýsingu í alla bygginguna | Brunamál | ÞB | Ekki hafið | 1.5.2013 |
| 2 | Yfirfara brunaviðvörunarkerfi, staðsetningar reykskynjara | Brunamál | ÞB | Í vinnslu | 1.4.2013 |
| 3 | Brunahólfun: Lagfæra gler | Brunamál | ÞB | Lokið | - |
| 4 | Brunahólfun: Laga brunaþéttingar brunahólfa | Brunamál | ÞB | Í vinnslu | 1.4.2013 |
| 5 | Brunahólfun: Tryggja að lokun brunahólfandi skila sé tengd brunaviðvörunarkerfi, sérstaklega hurð á lyftarahleðslu | Brunamál | ÞB | Ekki hafið | 1.4.2013 |
| 6 | Staðfesting á notkun millipalls / hillu | Bygging | ÞB | Ekki hafið | 1.5.2013 |
| 7 | Finna út hvernig gengið var frá fráennsli og tengingu olíuskilju | Bygging | ÞB | Í vinnslu | 1.4.2013 |
| 8 | Uppfæra teikningar: frárennsli, staðsetning á gámum, brunahólfun, breyttar merkingar á innanrýmum, brunavarnir loftræsikerfis, girðing/lokanir | Bygging | ÞB/RK | Í vinnslu | 1.5.2013 |
| 9 | Skila inn aðaluppdráttum | Bygging | ÞB | Í vinnslu | 1.5.2013 |
| 10 | Brunahólfun á lyftarakompu | Brunamál | ÞB | Lokið | - |
| 11 | Uppfæra brunahönnun og efnaskýrslu | Bruna / Efnamál | BT | Í vinnslu | 1.5.2013 |
| 12 | Skila inn teikningum af olíuskilju | Efnamál | ÞB/KG | Ekki hafið | 1.5.2013 |
| 13 | Hafa amk 3m bil á milli gáma sem geyma klór og eldfim efni | Efnamál | RK | Í vinnslu | 1.4.2013 |
| 14 | Staðsetja klórtank við hliðina á klórgámi en ekki við húsið | Efnamál | RK | Lokið | - |
| 15 | Færa eldnærandi efni út í gám | Efnamál | RK | Í vinnslu | 15.3.2013 |
| 16 | Skilti og merkingar varðandi aðgangsmál | Efnamál | RK | Í vinnslu | 1.5.2013 |
| 17 | Laga aðgangsmál, t.d. lokanir milli afgreiðslu og framleiðslurýmis. Framleiðslurými á að vera lokað fyrir óviðkomandi umferð | Efnamál | KG | Ekki hafið | 1.6.2013 |
| 18 | Jarðskjálftafestingar á rekka og "baktrygging" | Aðbúnaður | KG | Ekki hafið | 1.6.2013 |
| 19 | Heimaáætlun: Viðbragðsáætlanir, t.d. við efnaleka, verklýsing fyrir hlutleysingu, öryggisblöð uppfærð og aðgengileg. | Bruna / Efnamál | BT/RK/EJE | Ekki hafið | 1.6.2013 |
| 20 | Girða af gámasvæði og lyklabox | Efnamál | KG | Ekki hafið | 1.9.2013 |
| 21 | Eigið eftirlitskerfi | Bruna / Efnamál | BT/RK | Ekki hafið | 1.7.2013 |
| 22 | Koma upp öryggismyndavélum. Fylgjast með gámasvæði. | Efnamál | KG | Ekki hafið | 1.9.2013 |
| 23 | Skjalfesta verklag við aðskilnað efna | Efnamál | RK | Lokið | - |
| 24 | Setja lekavarnir undir tunnurekka | Efnamál | KG | Í vinnslu | 1.5.2013 |
| 25 | Hafa tiltækar mottur í niðurföll inni og úti | Efnamál | KG | Í vinnslu | 1.5.2013 |
| 26 | Setja lekavarnir undir rekka fyri brettatanka sem geyma varasöm efni | Efnamál | KG | Ekki hafið | 1.5.2013 |
| 27 | Síur á útsog frá duftsvæði | Efnamál | KG | Í vinnslu | 1.5.2013 |
| 28 | Fjarlægja lyftara úr kompu | Brunamál | KG | Lokið | - |
| 29 | Fræðsla fyrir starfsmenn um efni og efnaframleiðslu | Efnamál | EJE | Lokið | - |
| 30 | Þarf að senda öryggistrúnaðarmann á námskeið hjá VER | Aðbúnaður | RK | Lokið | - |
| 31 | Fallvarnir: Bæta við hnélista á göngubrú sem liggur að hringstiga við blöndunar/átöppunarbúnað þvottaefnis | Aðbúnaður | RK/KG | Lokið | - |
| 32 | Þarf að mála viðvörunarlínur í gólf á pappalofti þar sem fjarlægja þarf fallvarnir þegar vörur eru fluttar til og frá | Aðbúnaður | RK/KG | Lokið | - |
| 33 | Þarf að setja upp þrifaplan sem nær einnig yfir starfsmannarými. Setja inn tímasetninga á þrif á ábyrgð | Aðbúnaður | EJE/RK | Lokið | - |
| 34 | Það þarf að útvega starfsmönnum hlífðar og öryggisfatnað, buxur, sloppa, skó og gleraugu | Aðbúnaður | RK/KG | Lokið | - |
| 35 | Þarf að afmarka lyftarakompu með rúlluhurð eða annars konar lokun og fjarlægja lyftara | Brunamál | RK | Lokið | - |
| 36 | Þarf að setja upp fullnægjandi loftræstingu sem hæfir starfseminni | Aðbúnaður | RK/KG | Lokið | - |
| 37 | Setja upp fánastöng + fána | Almennt | KG | Ekki hafið | 1.4.2013 |

| Aðilar |
|---|
| ÞB Þröstur Bjarnason |
| KG Kristján Grétarsson |
| RK Richard Kristinsson |
| EJE Erla Jóna Einarsdóttir |
| BT Böðvar Tómasson |



| Staða | Fjöldi |
|---|---|
| Ekki hafið | 11 |
| Í vinnslu | 12 |
| Lokið | 13 |